

Fundur í Deltadeild á Garðavöllum, Akranesi 2. febrúar 2023.

Fundur hófst kl. 17:30

Mættar: Guðlaug Sverrisdóttir, Gunnhildur Björnsdóttir, Jensína Valdimarsdóttir, Jónína Eiríksdóttir, Ásta Egilsdóttir, Jónína Erna Arnardóttir, Elísabet Jóhannesdóttir, Halldóra Jónsdóttir formaður og Rut Jörgensdóttir.

Formaður setur fund. Guðlaug kveikir á kertunum. Fundaritari er Elísabet.

Formaður tilkynnir breytingu á dagskrá, Sigrún Jóhannesdóttir hefði ekki komist á fundinn vegna veðurs. Erindi hennar frestað. Formaður las síðustu fundargerð, þ.e. fundur sem haldinn var á Bifröst í nóvember. Jólafundur var felldur niður vegna ónógrar þátttöku.

Þá var erindi frá Guðrúnu Ebbu Bentsdóttur landssambandsforseta kynnt. Aðalfundur og Landssambandsþing DKG verður haldið 13.-14. maí að Hótel Örk í Hveragerði og eru konur hvattar til að mæta. Gestgjafar verða félagar í Epsilon-deildinni á Suðurlandi sem í samstarfi við menntamálanefnd og landssambandsstjórn munu leggja sig fram um að setja saman spennandi og áhugaverða dagskrá fyrir félagskonur. Mjög hagstæð kjör verða á gistingu og þinginu sjálfu svo að félagskonur eru hvattar til að taka nú þegar frá dagana 13. og 14 maí n.k..

Stjórn Delta hvetur konur að gerast aðilar að facebook síðunni *Delta Kappa Gamma á Íslandi*, það er síða Landssambandsins. Og minnum á okkar fb síðu Delta deild.

Bókakynning:

Jónína Erna stýrði umræðum um bækurnar *Hamingja þessa heims* eftir Sigríði Hagalín Björnsdóttur og *Álfadalur* eftir Guðrúnu J. Magnúsdóttur.

Líflegar umræður voru um bækurnar og fram komu mismunandi skoðanir og upplifanir við lesturinn. Almennt var álitnið að höfundum hefði tekist vel með höfundarverk sín, þó voru skiptar skoðanir um bókina *Hamingja þessa heims*. *Álfadalur* snart okkur djúpt, erfitt viðfangsefni sem höfundur fjallar um og gerir vel.

Orð til umhugsunar flutti Gunnhildur Björnsdóttir. Orð hennar voru á persónulegum nótum. Hafa að leiðarljósi að vera góð manneskja, hvað gerir mig

að góðri manneskju? Hún sagðist hafa tileinkað sér úr föðurgarði ljóðlínu úr ljóði eftir Vilhjálm Vilhjálmsson: Allt hið góða í heimi haldi í hönd á þér og með þér sé.

Happdrættið var á sínum stað og fékk Jenna vinninginn.

Að lokinni hefðbundinni dagskrá var borinn fram dýrindis kvöldverður sem Hlynur kokkur sá um.

Formaður sleit fundi um kl. 20:00 og konur héldu til síns heima.

Fundargerð ritaði Elísabet Jóhannesdóttir.